

Gimli, Lækjargata 3
101 Reykjavík.

Mættir á fund: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðafélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður KÍM og Klara Þórhallsdóttir, verkefnastjóri KÍM

Fundur settur 8:35

Dagskrá:

1. Myndlistarráð fer yfir val matsnefnda fyrir seinni úthlutun 2021

Fulltrúar matsnefndar kynna niðurstöður og fara efnislega yfir þau verkefni sem mælst er til að hljóti styrk úr sjóðnum í seinni úthlutun ársins. Umsóknir þykja á heildina lítið vel unnar, verkefni fjölbreytt og ágæt dreifing á landinu. Umsóknir voru alls 163 og styrkhafar eru 59 því er árangurshlutfallið er því 36%. Alls var sótt um 141.534.394 kr. og úthlutað verður 43.250.000 kr. árangurshlutfall sjóðsins því 30%.

| Styrkir | Styrkhafar | Úthlutað | Skipting % |
|--------------------------------|------------|-----------------------|-------------|
| Aðrir styrkir. Útg. -og ranns. | 15 | 12.300.000 ISK | 28% |
| Undibúningsstyrkir | 9 | 5.000.000 ISK | 12% |
| Sýningarverkefni | 35 | 25.910.000 ISK | 60% |
| | 59 | 43.210.000 ISK | 100% |

Matsnefnd sýningarverkefna fór yfir 102 umsóknir og voru þær fjölbreyttar og áhugaverðar. 35 umsóknir hljóta styrk af þessum 102. Ákveðið var að reyna veita þær upphæðir sem óskað er eftir. Athygli vakti hve fá sýningarverkefni eru utan landsteinanna en þau eru ekki nema fjögur og ástæðan líklega C-19. Aftur á móti eru 19 verkefni á höfuðborgarsvæðinu en önnur verkefni eru víðsvegar á landinu.

Hæstu styrkina eða 3.000.000 kr. fær útlistasýningarverkefnið Hjólið V, á vegum Myndhöggvarafélags Reykjavíkur og myndlistartvíæringurinn Sequences sem verður haldin í

tíunda sinn nú í vetur. Listasafn Reykjanesbæjar fær 2.000.000 kr og sýningarverkefnið Rúllandi snjóbolti sem haldin er árlega á Djúpavogi fær 1.750.000 kr.

Í flokki Undirbúningsstyrkja og Útgáfu- og rannsókn- og aðrir styrkir fór matsnefnd yfir 61 umsókn og voru viðfangsefnin þar afar ólík. Í flokki Undirbúningsstyrkja voru 9 umsóknir sem hljóta styrk og 15 í flokki útgáfustyrkja. Hæstu styrkir voru á bilinu 1 - 1.500.000 kr og voru það helst bókaútgáfur svo sem útgáfa bókar um feril Magnúsar Pálssonar listamans, íslensk abstraktlist á sjötta áratugnum, útgáfa bókar um samtíma leirlist og saga Myndlista- og handíðaskólans 1939-1999. Í flokki undirbúningsstyrkja var hæsti styrkurinn 1.000.000 kr. fyrir bókverk og sýningu 10 listamanna af z kynslóð og 700.000 kr. fær Hlynur Pálmason fyrir sýningarverkefni. Sex umsækjendur fá 500.000 kr. fyrir fjölbreytt verkefni s.s. margmiðlunarverkefni, netsýningar, heimildarmynd og undirbúning fyrir samsýningar.

Allir ráðsmenn samþykkja tillögu matsnefnda.

2. Íslensku myndlistarverðlaunin 2022 – skilgreiningar á nýjum viðurkenningum

Farið var yfir skilgreiningar á viðurkenningum og textum fyrir Íslensku myndlistarverðlaunin. Ákveðið var að næsti fundur myndlistarráðs verði frekara vinnufyrirkomulag ákveðið.

3. Önnur mál

Engin.

Áætlaður næsti fundur er mánudagur 25 október 8:30

Fundi slitið kl. 10:00